

Matvælastofnun  
Erna Karen Óskardsóttir  
Austurvegi 64  
800 Selfossi

Reykjavík 18. desember 2018  
UST201707-112/R.K.  
08.12.01

**Efni: Ákvörðun um útgáfu starfsleyfis fiskeldis til rannsókna. Matís ohf. að  
Árleyni 2a, Reykjavík**

Umhverfisstofnun vísar til umsóknar Matís ohf. kt. 670906-0190, um starfsleyfi fyrir eldi lagardýra til rannsókna í starfstöð rekstraraðila við Árleyni 2a, 112 Reykjavík.

Umhverfisstofnun hefur tekið ákvörðun um útgáfu starfsleyfis dags. 13. desember 2018. Starfsleyfið tekur gildi við afhendingu og gildir til 31. desember 2030.


Starfsleyfið er gefið út á grundvelli laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og rg. nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Undirritað starfsleyfi er hjálagt.

Umhverfisstofnun bendir á að ákvörðun stofnunarinnar um útgáfu starfsleyfisins er kæránleg skv. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar.



Rakel Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Agnar Bragi Bragason  
Teymisstjóri



# STARFSLEYFI

Eldi lagardýra í rannsóknarskyni

**Matís ohf.**

Lögheimili: Vínlandsleið 12, 113 Reykjavík

Starfsstöð: Árleyni 2a, 112 Reykjavík

Kt.: 670906-0190

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI

### 1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Matís ohf., kt. 670906-0190, til reksturs fiskeldisstöðvar að Árleyni 2a, Keldnaholti í Reykjavík. Matís ohf. er hér eftir nefnt rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum.

Rekstraraðili getur falið verktaka með öll tilskilin opinber leyfi að annast verk fyrir sig. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé framfylgt. Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og frágangur og starfsemi skal vera í samræmi við gildandi deiliskipulag.

Ef starfsemin krefst innflutnings á framandi lífverum ber rekstraraðila að sækja um leyfi fyrir slíkt skv. 63. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

### 1.2 Umfang starfseminnar

Rekstraraðila er heimilað eldi fiska og annarra lagardýra (ýmsar tegundir) í rannsóknarskyni í starfsstöð rekstrarins. Umfang starfsemi skal vera að hámarki 2 tonn af lífmassa á hverjum tíma og skal hámarksframleiðslumagn einnig vera 2 tonn á ári.

### 1.3 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við ákvæði X. kafla reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Eftirlit felst m.a. í reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda, fyrirspurna og yfirferð gagna sem rekstraraðila ber að skila. Viðbótareftirlit getur m.a. farið fram vegna nýs búnaðar, vegna kvartana eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsókna við eftirlit skal byggt á grundvelli eftirlitsáætlana sbr. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018, þar með talið viðmiðum um möguleg og raunveruleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið, skrá yfir hvernig starfsleyfisskilyrðum er fylgt og þátttöku í vottuðu umhverfisstjórnunarkerfi.

## 1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á atvinnurekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Á grundvelli þeirra metur útgefandi hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi sbr. 2. mgr. 18. gr. reglugerðarinnar.

## 1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar (lokun)

Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt skal vera til staðar áætlun um frágang til þess að fiski, fiskiseiðum, úrgangi, efnaafgöngum, húsnæði, tækjum og rekstrarsvæði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt skv. neyðaráætlun um meðhöndlun eldisfisks sbr. ákvæði gr. 2.4. Eftirlitsaðila er heimilt að krefja rekstraraðila um að tímasetja áætlun um frágang ef hann telur þörf á. Í áætluninni skal alltaf gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif og skal tryggja að ekki sé skilið eftir hráefni sem tilheyrir rekstrinum. Einnig skal vera ákvæði um næstu endurskoðun hennar.

Varanleg rekstrarstöðvun eða lok rekstrar skal tilkynnt eftirlitsaðila með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara eða þegar ákvörðun liggur fyrir, þannig að taka megji út frágang að lokinni rekstrarstöðvun. Tímasetja skal áætlunina um frágang með því markmiði að lágmarka möguleg mengunaráhrif. Tímasett viðbragðsáætlun vegna rekstrarstöðvunar skal samþykkt af eftirlitsaðila. Þá skal tilkynna um það ef reksturinn hafi verið stórlega skertur, þó ekki sé talin þörf á að virkja áætlunina. Bilanir og viðhald telst ekki stórlega skertur rekstur.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um gangsetningu ef rekstur hefur legið niðri. Gera skal slökkviði höfuðborgarsvæðisins viðvart um stöðvun starfseminnar um leið og eftirlitsaðila.

## 1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. grein laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Einnig er skylt að endurskoða starfsleyfið ef forsendur rekstrarins breytast með eftirfarandi hætti, sbr. 14. grein reglugerðar nr. 550/2018:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskyld er sbr. gr. 1.4.
- Ef öryggi við rekstur krefst þess að önnur tækni sé notuð en upphaflega var miðað við í starfsleyfinu.
- Ef mengun af völdum rekstrarins er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út eða ef vart verður mengunar sem ekki var gert ráð fyrir við útgáfu leyfisins.
- Ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni (BAT) sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á BAT viðmiðum skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn. Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

Við endurskoðun starfsleyfisins skal tekið tillit til þess að kröfur í starfsleyfum fyrir fiskeldi, þ.m.t. kröfur vegna frárennismála, séu samræmdar eins og aðstæður gefa tilefni til og jafnræðis gætt. Ef nauðsynlegt reynist að mati stofnunarinnar skal rekstraraðili sækja um nýtt starfsleyfi.

Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. grein 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

## 1.7 Valdsvið og þvingunarúrræði

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum VI. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja fram úrbætur.

Eftirlitsaðila er þannig m.a. heimilt að veita tilhlýðilega fresti til úrbóta og veita áminningu sbr. 1. og 2. tl. 1. mgr. 26. gr. laganna.

Sinni rekstraraðili ekki fyrir mælum um úrbætur innan tilteksins frests er eftirlitsaðila heimilt sbr. 1. mgr. 27. gr. laganna að ákveða rekstraraðila dagsektir eða að láta vinna verk á kostnað rekstraraðila.

Jafnframt er eftirlitsaðila heimilt sbr. 3. tl. 1. mgr. 26. gr. laganna, ef um alvarleg tilvik eða ítrekuð brot er að ræða, eða sinni rekstraraðili ekki fyrir mælum um úrbætur innan tilteksins frests, að stöðva eða takmarka starfsemi rekstraraðila, eða afturkalla starfsleyfi reksturs.

Telji Umhverfisstofnun að um alvarlega hættu sé að ræða og aðgerð þoli enga bið er stofnuninni heimilt að stöðva rekstur til bráðabirgða þegar í stað og tilkynna það heilbrigðisnefnd Reykjavíkur sbr. 63. gr. laganna.

## 1.8 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn og upplýsingum um mengunareftirlit í samræmi við ákvæði IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018.

Umhverfisstofnun birtir niðurstöður skv. greinum 1.3 og 1.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.

## 1.9 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

# 2. STARFSHÆTTIR

## 2.1 Starfshættir

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum við rekstur eldisins. Í því felast aðgerðir sem draga úr hugsanlegum umhverfisáhrifum rekstrarins, m.a. með góðum starfsháttum við fóðrun og notkun efna og lyfja, með því að tryggja gott heilbrigðisástand eldisstofnsins, svo og að draga úr losun efna út í umhverfið. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Skulu umhverfismarkmiðin liggja fyrir eigi síðar en þremur mánuðum eftir útgáfu þessa starfsleyfis og endurskoðuð á fjögurra ára fresti.

## 2.2 Samskipti

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum fyrirtækisins og framkvæmd viðbragðsáætla. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.

## 2.3 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001 eða þátttöku í umhverfismálakerfi ESB sbr. reglugerð nr. 344/2013, um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS), eða starfa samkvæmt eigin kerfi.

## 2.4 Áætlun um rekstrarstöðvun (neyðaráætlun)

Áætlun skal vera tiltæk ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar. Áætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun eldisfisksins þann tíma sem eldisstöðin er ekki í rekstri og skal endurskoðuð reglulega.

## 2.5 Tilkynning vegna mengunaróhappa

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað gripið til aðgerða til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfi. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skulu hafnar nauðsynlegar lagfæringar. Tilkynna skal um slík tilvik, önnur óhöpp eða slys.

Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

## 2.6 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

Ákvörðun um að draga úr tíðni mælinga skal þó ekki tekin nema eitthvert eftirfarandi skilyrði sé fyrir hendi:

- Mælingar hafi sýnt með sannfærandi hætti að mengunarpáttur er óverulegur.
- Mælingum hafi áður verið fjölgað umfram þær sem starfsleyfið tilgreinir.
- Sýnt hafi verið fram á að nota megi aðrar aðferðir en mælingar við að meta mengunina.

# 3. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

## 3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Besta aðgengilega tækni (BAT) hefur verið skilgreind í „Bat for fiskeopdræt i Norden“, ©Nordisk Ministerråd, TemaNord 2013:529.

### Fóðurgjöf

## 3.2 Fóðurgjöf og val á fóðri

Fóðurgjöf og vali á fóðri skal stýrt þannig að myndun úrgangs sé í lágmarki, t.d. með fóðrunarkerfi sem tekur tillit til vaxtarlíkana.

### Vatnsgæði og lífríki

## 3.3 Hreinsun frárennslis

Allt eldisvatn frá stöðinni fer í gegnum fastefnasíu og vatnshreinsibúnað áður en því er veitt inn í fráveitukerfi Reykjavíkurborgar. Eldisvatn er annað hvort endurnýtt (hringrásarkerfi) og síðan síað eða nýtt er gegnumstreymi áður en það er síað og því þaðan veitt inn í fráveituna. Fráveita þarf að uppfylla kröfur sem rekstraraðili fráveitu setur.

Tryggja þarf að mengunarvarnabúnaður á frárennslis sé með þeim hætti að engin hætta sé á að lifandi fiskur sleppi frá stöðinni.

Seyruna má, að fengnum tilskildum leyfum, nota sem áburð eða koma henni fyrir á viðurkenndum förgunarstað skv. ákvæðum reglugerðar nr. 799/1999, um meðhöndlun seyru.

### 3.4 Efnalosun

Losun fosfórs í frárennsli má ekki fara yfir 9,0 kg /framleidd tonn. Rekstraraðila er ekki heimil önnur losun á þeim efnum sem talin eru upp í listum I og II í viðauka reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns.

### 3.5 Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu

Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu er tengt inn á fráveitukerfi Reykjavíkurborgar. Rekstraraðili skal uppfylla kröfur í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp.

### 3.6 Meindýravarnir

Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila.

## Úrgangur

### 3.7 Dauður fiskur

Rekstraraðili skal hafa útbúnað sem fangar dauðan fisk eða önnur lagardýr úr stöðinni áður en það fer í frárennsli. Um meðhöndlun lagardýranna gilda ákvæði gr. 3.8 um lífbrjótanlegan úrgang.

### 3.8 Meðhöndlun úrgangs og spilliefna

Ekki er heimilt að farga neins konar úrgangi um niðurföll.

Draga skal skipulega úr myndun úrgangs og vinna að endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikum eins vel og kostur er og þá sérstaklega m.t.t. nýtingu aukaafurða. Að öðrum kosti skal lífbrjótanlegur úrgangur fluttur til viðurkenndrar eyðingar eða urðunar. Ganga skal frá honum í þétt, lokuð ílát eða gáma sem losaðir eru eftir þörfum. Þrifa skal ílátin/gámana eftir notkun. Spilliefnum og lyfjaafgöngum skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

### 3.9 Umgengni um mengandi efni

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olúbirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Fylgja skal ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

## Annað

### 3.10 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð.

Sé þess kostur skal skipta út efnum eða efnablöndum sem eru talin geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er.

## 4. INNRA EFTIRLIT REKSTRARAÐILA

### 4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- Endurnýjun vatns,
- ástand síubúnaðar eða annars hreinsibúnaðar,
- hreinsun á mengunarvarnabúnaði
- ástand hreinlætis í eldisaðstöðu,
- heilsu og ástand fisks,
- framleiðslumagn og afföll,
- fódurnotkun, fódurnýtingu og fódurgerð,
- magn og gerð hreinsiefna, sótthreinsiefna og lyfja sem notuð eru í stöðinni,
- kvartanir vegna starfseminnar,
- bilanir og óhöpp sem valdið gætu mengun,
- allan úrgang sem verður til í framleiðslunni,
- þjálfun og reynslu starfsfólks.

### 4.2 Mat á losun næringarefna

Mat rekstraraðila á magn losunar næringarefna frá starfseminni inn á fráveitukerfi skal vera aðgengilegt eftirlitsaðila. Er það mat í formi óbeinna mælinga, þ.e. reikna skal losun til umhverfisins út frá:

- útreiknuðu heildarinnihaldi köfnunarefnis og fosfórs í fóðri,
- reiknaðri upptöku næringarefnanna í fiskinum,
- áætluðum áhrifum endurnýtingar vatns þegar við á,
- magni næringarefna sem hreinsast við síun eldisvatns.

### 4.3 Skýrslur til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í gr. 4.1 og 4.2.

## 5. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í IX. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

## 6. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast gildi við afhendingu Matvælastofnunar og gildir til 31. desember 2030.




Starfsleyfinu fylgir greinargerð, sjá fylgiskjal 1.


Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Reykjavík, 18. desember 2018

Umhverfisstofnun



Kristín Linda Árnadóttir  
forstjóri



Hildur Vésteinsdóttir  
sviðsstjóri

## VIÐAUKI 1

### Yfirlit yfir skiladaga:

Í eftirfarandi ákvæðum starfsleyfisins eru ákveðnir skiladagar tilgreindir:

- Skv. gr 1.5. skal tímasetja áætlun um frágang (áætlun um rekstrarstöðvun) og skila til eftirlitsaðila ef þörf þykir við tilkynningu um rekstrarstöðvun.
- Skv. gr. 2.1 skal vinna að umhverfismarkmiðum fyrir reksturinn og skulu þau liggja fyrir eigi síðar en þremur mánuðum eftir útgáfu starfsleyfisins. Markmiðin skulu endurskoðast á fjögurra ára fresti.
- Skv. gr. 2.4. skal áætlun um rekstrarstöðvun (neyðaráætlun) liggja fyrir við útgáfu leyfis.
- Skv. gr. 4.3. skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og megintexta starfsleyfisins gildir megintextinn.

## Fylgiskjal 1

### **Greinargerð með útgáfu starfsleyfis Matís ohf. að Árleyni 2a**

#### Almennt

Starfsleyfi þetta er fyrir rannsóknarstarfsemi Matís ohf. til tilraunaeldis lagardýra (ýmsar tegundir). Hámarks framleiðslumagn er allt að tveimur tonnum á ári og ekki er heimilt að hafa meira en tveggja tonna lífmassa á starfsstöðinni á hverjum tíma. Eru eldisdýrin nýtt til ýmiskonar rannsókna á vegum Matís ohf.

Umsókn barst Umhverfisstofnun 11. júlí 2017. Móttaka umsóknar var staðfest 24. september 2018. Fundur var haldinn með rekstraraðilum og sérfræðingum Umhverfisstofnunar 11. október 2018 þar sem rekstraraðilar afhentu viðbótargögn og fengu upplýsingar um hvaða gögn þurfti að skila áður en umsókn er samþykkt og var þeim gögnum skilað stuttu síðar. Fullnægjandi umsókn var samþykkt 15. október 2018. Tillagan var auglýst opinberlega í 4 vikur frá 31. október til 28. nóvember 2018. Engar athugasemdir við starfsleyfistillöguna bárust á auglýsingartíma.

Ekki er til deiliskipulag fyrir svæðið og sendi Umhverfisstofnun því beiðni til skipulagsfulltrúa Reykjavíkurbogar, 12. október 2018, um hvort starfsemin, eins og henni er lýst í umsókn, sé í samræmi við aðalskipulag. Svar frá skipulagsfulltrúa barst 26. október 2018, um að starfsemin væri í samræmi við aðalskipulag. Ekki er um að ræða nýbyggingu á svæðinu fyrir starfsemina.

Gildistími starfsleyfis miðast við gildistíma aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030. Þetta er vegna þess að ekki er til deiliskipulag fyrir svæðið, eins og áður sagði, en að jafnaði eru starfsleyfi fyrir mengandi starfsemi gefin út til 16 ára ef þau samræmast samþykktu deiliskipulagi.

#### Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

Starfsemin fór í matsskyldufyrirspurn og gaf Skipulagsstofnun út ákvörðun sína 21. ágúst 2017. Þar kom fram að starfsemin væri ekki líkleg til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

#### Breytingar frá auglýstri tillögu

Efnislegar breytingar voru gerðar á eftirfarandi ákvæðum:

Grein 1.1. bætt var við málsgrein í lok greinarinnar um leyfisskyldu við innflutning á framandi lífverum.

Grein 1.5. bætt var við skilyrði um tímasetta aðgerðaráætlun við lokun starfseminnar.

Grein 3.1. bætt var við tilvísun í skjal bestu aðgengilegu tækni (BAT).

Grein 3.1 var tekið út „ágengum“ í „framandi ágengum lífverum“ og svo var málsgreinin færð í gr. 1.1.

Grein 3.4. var bætt inn hámarkslosun fosfórs frá starfseminni sem ekki var tekin fram í starfsleyfistillögu.

#### Aðrar leyfisveitingar

Umhverfisstofnun vekur athygli á að sækja ber um innflutningsleyfi til Umhverfisstofnunar, skv. 63. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, ef starfsemin krefst þess að flytja þurfi inn lífverur til landsins sem falla undir skilgreiningu náttúruverndarlaga um framandi lífverur sbr. gr. 1.1. Umhverfisstofnun tekur fram að starfsleyfi fyrir eldinu og innflutningsleyfi fyrir framandi lífverur eru tvö aðskilin leyfi.

